



Siðareglur FBSR

Liðsheild - Traust - Hæfni

Siðareglur þessar gilda um alla þátttakendur í starfi Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík (FBSR), hvort sem þeir eru fullgildir félagar, nýliðar eða aðrir sjálfboðaliðar.

1. Þátttakendur í starfi FBSR skulu stuðla að því að farið sé eftir einkunnarorðum FBSR: Liðsheild - Traust - Hæfni.
2. Virðing skal höfð að leiðarljósi í samskiptum í starfi FBSR og skulu þátttakendur koma í veg fyrir hvers konar óréttlæti gagnvart öðrum þátttakendum og skjólstæðingum m.a. með tilliti til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.
3. Í þeim tilvikum sem valdastaða þátttakenda er ójöfn í starfi FBSR skal ekki misnota slíkan aðstöðumun.
4. Þátttakendur skulu standa vörð um heiður FBSR og ekki kasta rýrð á FBSR með athöfnum sínum og orðræðu.
5. Þátttakendum ber að ganga vel um búnað, ökutæki, húsnæði og aðrar eignir FBSR.
6. Þátttakendur gæta trúnaðar í starfi FBSR varðandi viðkvæmar persónulegar upplýsingar um skjólstæðinga og þátttakendur.
7. Þátttakendur deila ekki upplýsingum úr útköllum á samfélagsmiðlum, nema með umboði stjórnar FBSR.
8. Þátttakendur skulu hafa hreina sakaskrá eða ekki hafa á sakaskrá sinni dóm við broti þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða meira. Stjórn getur vikið frá þessari grein ef hún telur góð rök fyrir því
9. Þátttakendur fylgja siðareglum Landsbjargar.
10. Siðareglur þessar ber að kynna fyrir öllum þátttakendum í starfi FBSR.
11. Ef þátttakandi gerist brotlegur við siðareglur FBSR getur stjórn tekið ákvörðun um að vísa honum úr starfi félagsins, tímabundið eða að fullu